

Ágætu íbúar og aðstandendur.

Í dag er gleðidagur því nú getum við, í ljósi góðrar stöðu í samfélaginu, slakað aftur á heimsóknartakmörkunum. Við horfum enn og aftur bjartsýn fram á veginn og vonum hið besta, en eins og ávallt horfir Neyðarstjórn Hrafnistu til stöðunnar almennt í samfélaginu hvað varðar fjölda Covid smita, sem og þeirra reglna sem í gildi eru á hverjum tíma.

**Munið að sýna ýtrustu varkárni og virða sóttvarnaráðstafanir í heimsóknum. Við þurfum öll að hafa í huga persónulegar sýkingavarnir s.s. handþvott og handsprittun.**

**Minnum á að dæmin sýna að bólusettir geta líka smitast af Covid og smitað aðra.**

**Frá morgundeginum, föstudeginum 16. apríl, verða Hrafnistuheimilin opin fyrir heimsóknir alla daga frá kl 13:00 – 20:00.**

- **Tveir gestir** hafa leyfi til að heimsækja hvern íbúa í einu, en fleiri geta komið yfir daginn.
- Munið að spritta hendur við komu og áður en þið yfirgefið heimilið.
- Allir gestir þurfa að koma með andlitsgrímu (maska). Óheimilt er að koma með taugrímu.
- Vinsamlega farið beint inn á herbergi íbúa, ekki stoppa og spjalla á leiðinni. Ef íbúi er ekki inni á herbergi þá biðjið þið starfsfólk að sækja hann, ekki gera það sjálf.
- **Ekki er heimilt að nýta setustofur og borðstofur eininga/deilda til heimsókna.**
- Virðið 2ja metra regluna í samskiptum við starfsfólk.
- **Undanþága frá reglum um fjölda í heimsókn hverju sinn þ.e. 2 í einu, er aðeins veitt við mikil veikindi íbúa og þarf leyfi frá vaktstjóra deildar.**
- Íbúum er áfram heimilt að fara út í garð og í gönguferðir með sínum nánustu, en einnig er heimilt að fara með íbúa út af heimilinu í bílferðir eða heimsóknir. Munið 20 manna fjöldatakmarkanir sem eru í gildi í samfélaginu.

Vinsamlega **EKKI** koma inn á Hrafnistu ef:

- Þú ert í sóttkví eða einangrun.
- Þú bíður eftir niðurstöðu úr sýnatöku.
- Þú ert með flensulík einkenni (kvef, hósta, hita, höfuðverk, beinverki, þreytu, kviðverki, niðurgang o.fl.).
- Þú varst erlendis fyrir minna en 10 dögum.
  - **ATHUGIÐ: Ef gestir eru að koma erlendis frá og hafa fengið 2 bólusetningar eða Covid er mikilvægt að hafa samband við stjórnanda heimilisins og fara yfir málin áður en komið er í heimsókn**

*Með vinsemd og virðingu,  
Neyðarstjórn Hrafnistu*